



Nefndasvið Alþingis,
Félagsmálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. nóvember 2006

Efni: Frumvarp til laga um gatnagerðargjald, 219. mál, heildarlög

Vísað er til bréfs félagsmálanefndar, dags. 19. október 2006, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um gatnagerðargjald.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins skila hér með sameiginlegri umsögn um frumvarpið og áskilja sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum.

Eins og fram kemur í athugasemdum sem fylgja frumvarpinu er megin markmið þess að eyða óvissuþáttum sem upp hafa komið við framkvæmd gildandi laga um gatnagerðargjald og þá ekki síst um það hvort gatnagerðargjald telst þjónustugjald eða skattur. Markmiðið sé að skjóta styrkari stoðum undir innheimtu gjaldsins, taka af vafa um að gatnagerðargjald skuli eingöngu lagt á byggingar í þéttbýli og einfalda útreikning gjaldanna.

Samtökin telja það til fyrirmyndar að einfalda og skýra gildandi lög þannig að ekki þurfi að leita til dómstóla vegna mismunandi skilnings á lagaverkinu. Þá telja þau einnig mikilvægt að koma á samræmdum aðferðum við útreikning gjaldsins og á hvaða byggingar álagning þess er heimil.

Samtökin leggjast hins vegar gegn þeirri viðbót við heimildir til ráðstöfunar gjaldsins sem felst í 10 gr. þar sem segir að tekjum af gatnagerðargjaldi sé heimilt að verja til viðhalds gatna og annarra gatnamannvirkja. Í skýringum með þessu ákvæði er greint frá því að ákvæðið feli ekki í sér breytingu frá framkvæmd gildandi laga. Samtökin telja miður að sveitarfélög hafi ráðstafað tekjum af skatti þessum til annarra þarfa en lög heimila. Skattur þessi er greiddur einu sinni og er ætlað að standa straum af gatnagerð í tengslum við nýbyggingar. Ekki er eðlilegt að íbúðabyggjendur eða byggjendur atvinnuhúsnæðis séu með eingreiðslum látnir standa straum af kostnaði við almennt viðhald gatna umfram aðra íbúa sveitarfélagsins. Samtökin telja skilgreiningu þá sem er að finna í 2. gr. gildandi laga alveg skýra og óþarfi að gera breytingar á henni, en hún hljóðar svo: „Gatnagerðargjaldi skv. 1. gr. skal varið til gatnagerðar í sveitarfélaginu, svo sem til að undirbyggja götur með tilheyrandi lögnum, m.a. vegna götulýsingar, og leggja bundið slitlag, gangstéttir, umferðareyjar og þess háttar þar sem gert er ráð fyrir því í skipulagi.“

Samtökin vilja því vara við breikkun skilgreiningar á heimild til ráðstöfunar tekna af gatnagerðargjaldi því breytingin mun væntanlega leiða til þrýstings á hækkun þess þegar fram líða stundir og þar með hækkun byggingarkostnaðar og almenns verðlags í landinu.

Samtök atvinnulífsins

Hannes G. Sigurðsson

Samtök iðnaðarins

Eyjólfur Bjarnason